

## **Viðbragðsteymi aðildarfélaga ÍBH við óvæntum atburðum**

Hverju íþróttafélagi er skylt að stofna viðbragðsteymi við óvæntum atburðum.

Viðbragðsteymi íþróttafélaga mynda: a). Formaður / framkvæmdastjóri íþróttafélags, b). Íþróttastjóri íþróttafélags / fulltrúar deilda í íþróttafélagi, c). Fulltrúi starfsfólks (ef við á).

Skylt er að hafa upplýsingar um viðbragðsteymi á heimasíðum íþróttafélaga, hverjir skipa viðbragðsteymið og hver sé formaður þess. Tilkynningar skulu berast til formanns viðbragðsteymis. Allar tilkynningar eru **trúnaðarmál**.

Þegar upp kemur grunur um einelti, áreitni, ofbeldi eða óvænt áföll hjá íþróttafélagi skal þegar hafa samband við formann viðbragðsteymis. Skal þá strax unnið eftir fyrirfram ákveðnu vinnuferli:

1. Tilkynning berst til íþróttafélags (formanns viðbragðsteymis).
2. Formaður viðbragðsteymis kallar það saman.
3. Tilkynning rædd í trúnaði.
4. Tilkynning er leyst innan félags og hlutaðeigendum er tilkynnt um niðurstöðu, eða tilkynningu er vísað til:

a). Samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsmála. *Heimasíða [www.samskiptaradgjafi.is](http://www.samskiptaradgjafi.is). Hafa samband, panta tíma til ráðgjafar.*

b). Barnaverndar.

*Tilkynningar til barnaverndar fara þar í ákveðið ferli.*

c). Lögreglu.

*Tilkynningar til lögreglu fara þar í ákveðið ferli.*

d). Hringt í neyðarlínu 112.

*Í neyðartilvikum eða til ráðgjafar.*